3. bekkur 2026-2027

Nemendur í 3. bekk í ár eru 48 talsins í þremur bekkjum.

Umsjónarkennarar eru:

- Ásgerður María Franklín
- Elfa Dröfn Stefánsdóttir
- Heiða Ingunn Þorgeirsdóttir

Kennslustofur bekkjanna eru í A-álmu skólans, fyrstu hæð.

Kennsluhættir verða með svipuðu sniði og í fyrra. Við reynum að hafa námið sem fjölbreyttast, notum margvíslegar kennsluaðferðir og tökum tillit til þess að færni nemenda liggur á ólíkum sviðum. Samvinna nemenda, skapandi starf og sjálfstæð vinnubrögð er eitthvað sem við höldum áfram með. Markmiðið er að hver einstaklingur fái kennslu og verkefni við hæfi.

Lögð er áhersla á heimalestur og réttritun í tengslum við viðfangsefni hverju sinni.

Listasmiðjur eru smíði, heimilisfræði, myndmennt/textíl og tónmennt. Nemendur fara eina önn í sund en eru í íþróttum allt árið. Laugardalurinn verður áfram helsti vettvangur útikennslunnar og við stefnum á að ganga mílu 1-3 í viku.

Áfram er lögð mikil áhersla á gott foreldrasamstarf og sendum við vikulegan póst til að auka upplýsingaflæði milli skóla og heimilis.